



Skipulagsskrá fyrir sjóð til ráðstöfunar á andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls

1. grein

Sjóðurinn ber nafnið Fjölskylduverndar- og endurhæfingarsjóður Fljótsdalshéraðs

2. grein

Stofnaðili sjóðsins er sveitarfélagið Fljótsdalshérað.

3. grein

Stofnfé sjóðsins, kr. 20.000.000, sem er andvirði vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls, úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 48, 29. maí 2008.

4. grein

Tilgangur sjóðsins:

1. Efling foreldrafærni

Unnið er að því að mæta mikilli þörf og eftirspurn í samfélaginu eftir fræðslu og sjálfsstyrkingu sem miðar að því að styrkja foreldra í foreldrahlutverkinu. Það mun t.d. gert með einstaklingsráðgjöf, foreldranámskeiðum, sjálfstyrkingar- og samskiptanámskeiðum og frekari vinnu í kjölfar innleiðingar PMT (Parent Management Training – ráðgjöf og meðferð í uppeldismálum fyrir foreldra).

2. Ráðgjöfin heim

Ráðgjöf við einstaklinga í heimahúsum. Úrræðið miðar að því að auka virkni einstaklinga, sem hafa eða eiga á hættu að einangrast utan vinnumarkaðar, í samfélaginu. Iðjuþjálfari og félagsráðgjafi munu stýra starfinu. Í því felst að veita aðstoð og stuðning til að takast á við ýmis verkefni daglegs lífs, rjúfa félagslega einangrun og stuðla að heilsueflandi aðgerðum.

3. Stuðningur til sjálfstæðis

Stuðningur við ungmenni sem búa við félagslegan vanda eða sértæka erfiðleika. Verkefnið verður unnið í samstarfi við skólafólk í sveitarfélaginu og Heilbrigðisstofnun Austurlands.

5. grein

Stjórn sjóðsins skipa tveir fulltrúar Fljótsdalshéraðs í félagsmálanefnd og félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs. Varafulltrúar skulu skipaðir tveimur fulltrúum Fljótsdalshéraðs í félagsmálanefnd og starfsmanni félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs sem skal vera félagsráðgjafi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin fer með málefni sjóðsins og tekur ákvörðun um úthlutun úr honum.

Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

Fjárvörsluaðili (prókúruhafi) sjóðsins er fjármálastjóri Fljótsdalshéraðs.

6. grein

Tekjur sjóðsins eru höfðustóll hans samkvæmt 3. gr., vaxtatekjur af höfuðstól á starfstíma og önnur framlög eða styrkir.

Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins með hagkvæmum og öruggum hætti.

7. grein

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Löggiltur endurskoðandi Fljótsdalshéraðs er jafnframt endurskoðandi sjóðsins.

8. grein

Miðað er við að sjóðurinn starfi í 5 til 6 ár frá stofnun hans, eða þar til fé hans er uppurið.

Sjóðnum verður formlega slitið á næsta stjórnarfundum eftir að fé sjóðsins er uppurið og hefur verið notað að fullu samkvæmt tilgangi sjóðsins.

Um leið og sjóðnum hefur verið slitið, eða eigi síðar en að liðnum sex árum frá stofnun hans, verði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með greinargerð gerð grein fyrir ráðstöfun fjárens.

Samþykkt af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 04.02.2009.

Ofangreind samþykkt staðfest fh. Fljótsdalshéraðs.
